

Afmælishópar – leiðbeiningar fyrir skóla

Í þessum leiðbeiningum verður farið yfir hvernig er hægt að skipta afmælishópum án þess að styðjast við kynjaskiptingu. Ástæður þess að boðið er upp á aðrar leiðir eru margvíslegar, en þó helst vegna þess að kynjaskipting getur verið útilokandi fyrir sum börn.

Einnig vinnur kynjaskipting m.a. gegn markmiðum jafnréttislaga (sjá fyrir neðan). Fyrir skóla sem vilja forðast kynjaskiptingu á afmælishópum, þá eru hér dæmi um tvær aðrar leiðir sem er hægt að fara.

Leið 1: Bekkjarafmæli. Fleiri en eitt barn halda afmæli saman og öllum bekknum er boðið. Sem dæmi geta öll október og nóvember börn haldið sameiginlegt afmæli.

Leið 2: Afmælishópar. Skólinn velur leið til að skipta bekknum í afmælishópa út frá öðru en kyni til að skapa minni og viðráðanlega hópa. Sem dæmi fer barnið sem á fyrst afmæli á árinu í hóp A, barnið sem á næst afmæli fer í hóp B, þriðja afmælisbarn ársins í hóp A og svo koll af kolli.

Best er að skólinn/kennari velji leiðina sem er farin og kynni hana strax í upphafi skólaárs.

Ástæður þess að kynjaskipting er ekki heppilegur kostur eru nokkrar:

- hún getur verið útilokandi fyrir trans börn, intersex börn og sérstaklega stálp/kynsegin börn
- kynjaskipting getur ýtt undir hugmyndir um kynjamun og ýkt upp staðalmyndir kynjanna
- sumir strákar finna sig illa með strákahópnum
- sumar stelpur finna sig illa með stelpuhópnum
- strákar geta átt stelpuvini og öfugt

Kynjuð afmæli eiga það til að taka mið af ríkjandi viðmiðum um kvenleika og karlmennsku, og ýta oft undir staðalmyndir kynjanna, t.d. blátt og bleikt þema þar sem áherslan er á tiltekin áhugamál, leiki og hegðun. Með kynjaskiptingu er óbeint verið að gefa þau skilaboð að stelpur og strákar séu og eigi ekki að vera vinir og eyða frítíma sínum saman.

Ávinningur af kynjablöndun er:

- inngilding, að trans og intersex börn, sem og önnur sem falla út fyrir hefðbundin kynjaviðmið, séu ekki útilokuð
- tækifæri fyrir börn að kynnast „bleikri“ og „blárrí“ (og allskonar) menningu óháð kyni
- tækifæri til að brjóta „bleiku“ og „bláu“ menninguna upp
- að vinir af ólíku kyni verði saman
- að ólík kyn kynnist betur, sem vinnur gegn kynbundinni menningu og útilokun byggð á henni

Með því að fara leið 1 (Bekkjarafmæli) geta forsjáraðilar deilt verkum og kostnaði og er um leið tryggt að þeir sem hafi ekki jöfn tækifæri til að halda afmæli geti tekið þátt, t.d. út frá fjárhag, tungumáli, tengslaneti, vinnutíma o.s.frv.

Að baki þessara leiðbeininga um kynjablöndun afmælishópa eru [aðalnámskrá](#), [mannréttindastefna Reykjavíkurborgar](#) og [Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020](#), en í þeim eru gerðar kröfur til skóla um að vinna gegn staðalmyndum kynjanna og mismunun, m.a. út frá kyni og hinseginleika, og að veita öllum jafnréttismenntun og fagna fjölbreytileikanum.